

356. fundur Skólanefndar FS

10. nóvember 2021



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Einar Trausti Einarsson, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Guðmundur Rúnar Júlíusson og Guðlaug Pálsdóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðan.
2. Skóla- og sjálfsmatsskýrslur.
3. Önnur mál.

1. Staðan.

Skólameistari sagði frá stöðunni í skólastarfinu. Aftur er búið að taka upp grímuskyldu sem var nýbúið að aflétta. Nokkur vinna fer í smitakningu en ekki hafa komið upp útbreidd smit. Fyrirhuguðum íþróttadegi og skemmtikvöldi með útskriftarnemendum var frestað í ljósi breyttra aðstæðna. Kennsla hefur haldist óbreytt fyrir utan fjarveru einstakra kennara og nemenda. Verið er að vinna að innleiðingu Grænu skrefanna varðandi umhverfismál en þar er skólinn búinn að ná fjórða skrefi af fimm. Verið er að vinna að fimmta skrefinu en það snýr einkum að stjórnun og skipulagi. Skólameistari ræddi einnig um fjárhagsstöðu skólans sem er góð. Til stendur að endurnýja búnað sem hefur verið í biðstöðu en þar á m.a. að endurnýja stóla og borð í kennslustofum, tölvur og tölvubúnað o.fl. Skólameistari sagði frá fundi með tengilið skólans í ráðuneyti þar sem rætt var um starf skólans og rekstur. Þar var m.a. rætt um stækkun verknámsaðstöðu sem er í undirbúningi. Rætt um málið og nefndarmenn lögðu áherslu á að unnið verði áfram að málinu enda mikilvægt að bæta þessa aðstöðu sem fyrst.


2. Skóla- og sjálfsmatsskýrslur.

Skólameistari kynnti skólaskýrslu og sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir síðasta skólaár. Í sjálfsmatsskýrslunni er m.a. rætt um brotthvarf nemenda en eitt af markmiðum í stefnu skólans er að minnka það. Brotthvarf hefur minnkað verulega undanfarin ár en jókst þó eitthvað á síðasta skólaári, væntanlega vegna Covid. Almennt rætt um brotthvarf og hvað er gert til að minnka það.

3. Önnur mál.

- a) Rætt um fundi skólanefndar og ákveðið að þeir verði annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 16:30. Þegar nefndarfólk getur ekki mætt á fund þarf það að boða varamann sinn á fundinn.
- b) Guðmundur Rúnar, formaður nemendafélagsins, sagði frá starfsemi félagsins. Þar hafa samkomutakmarkanir haft áhrif og þurft hefur að fresta viðburðum. Þó hafa nokkrir viðburðir farið fram og fleiri eru framundan. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá þannig að hún nái til sem flestra.
- c) Búið er að skipa nefnd sem á að velja nafn á nýja viðbyggingu. Óskað var eftir tillögum að nafni, nefndin velur síðan nokkur nöfn sem síðan verður kosið um innan skólans.


Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður


Einar Trausti Einarsson


Einar Jón Pálsson


Helga María Finnbjörnsdóttir


Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir


Gunnar Valdimarsson


Guðmundur Rúnar Júlíusson


Guðlaug Pálsdóttir, skólameistari


Guðmann Kristþórsson, fundarritari